

Auglýsing

Opnað fyrir umsóknir um framlög til vinnustaðaklasa

Innviðaráðherra auglýsir eftir umsóknum um framlög sem veitt eru á grundvelli stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2022-2036 vegna verkefna sem tengjast aðgerð B.7 *Óstaðbundin störf* og snúa að uppbyggingu og reksturs vinnustaðaklasa.

Um aðgerðina

Markmiðið með aðgerðinni er að efla búsetufrelsi með fjölgun atvinnutækifæra og auknum fjölbreytileika starfa á landsbyggðinni. Aðgerðin felur í sér að annars vegar eru veittir styrkir til að styðja við uppbyggingu vinnustaðaklasa og hins vegar [til að fjölga óstaðbundnum störfum á landsbyggðinni](#). Hér er auglýst eftir umsóknum um framlög til vinnustaðaklasa.

Veitt verða:

- einskiptis framlög vegna launakostnaðar við að koma af stað nýrri starfsemi
- styrkir til að fjölga plássum gegn langtímaskuldbindingu um nýtingu plássna
- rekstrarstyrkir til að greiða sameiginlegan kostnað við starfsemina

Styrkhæfir aðilar

Styrkhæfir eru aðilar sem reka vinnustaðaklasa utan höfuðborgarsvæðisins. *Vinnustaðaklasa* er skipulagt og samnýtt vinnurými þar sem fjölbreytt vinnuaðstaða stendur til boða fyrir fleiri en einn vinnustað eða starfsstöðvar vinnustaða. Vinnuaðstaða er í opnu og/eða lokuðum rýmum og þar sem notendur hafa a.m.k. aðgang að fundaraðstöðu, sameiginlegri kaffiaðstöðu og góðri nettengingu. Að öðru leyti vísast í [viðmið um vinnuumhverfi sem gefnar voru út af Framkvæmdasýslu ríkisins árið 2020](#).

Í forgangi verða

- minni staðir þar sem atvinnulíft er einhæft
- svæði sem hafa orðið fyrir verulegum áföllum í atvinnulífi á síðustu árum
- svæði á fámönnum vinnusóknarsvæðum

Styrkfjárhæðir í boði

Til ráðstöfunar að þessu sinni eru allt að 50 milljónum króna. Hámarks fjárhæðir eru sem hér segir:

- einskiptis framlög vegna launakostnaðar í sex mánuði við að koma af stað nýrri starfsemi allt að 80% af raunkostnaði að hámarki fjórar milljónir
- styrkir til að fjölga plássum gegn langtímaskuldbindingu um nýtingu plássna allt að 80% af samningsfjárhæð í sex mánuði gegn samningsskuldbindingu í 30 mánuði samtals
- rekstrarstyrkir til að greiða sameiginlegan kostnað við starfsemina að hámarki sem nemur einni milljón kr. á ári en þó að hámarki 80% af kostnaði.

Forgangsöröðun framlaga verður með eftirfarandi hætti:

- a. Ný uppbygging á forgangssvæði
- b. Fjölgun plássna á forgangssvæði

- c. Rekstrarstuðningur á forgangssvæði
- d. Ný uppbygging á miðlungs svæði
- e. Fjölgun plássna á miðlungs svæði
- f. Rekstrarstuðningur á miðlungs svæði
- g. Rekstrarstuðningur á vinnusóknarsvæðum sem telja fleiri en 10.000 manns.

Miðlungssvæði teljast vera þau svæði sem eru með á vinnusóknarsvæðum með færri en 10.000 manns og falla ekki undir að vera forgangssvæði.

Atriði sem þurfa að koma fram í umsókn

Vísað er í reglur um úthlutun innviðaráðherra á framlögum sem veitt eru á grundvelli stefnumótandi byggðáætlunar 2022-2036.

Í umsókn skal lýsa með greinargóðum hætti starfsemi vinnustaðaklasans, m.a.

- umfangs starfseminnar, þ.e. hversu mörg rými eru til staðar og nýtingu þeirra
- hvaða þjónustu er verið að bjóða upp á í klasanum og á hvaða verði
- stjórnun og eignahaldi klasans
- hvernig aðstöðu er háttað og hvaða starfsemi er í klasanum
- hvert er áhrifasvæði starfseminnar og hver eru áhrif starfseminnar á áhrifasvæði sitt
- hvaða áhrif styrkveiting myndi hafa á rekstrarhæfi starfseminnar og sjálfbærni hennar til lengri tíma
-

Í umsókn þarf að koma fram nákvæm upphæð sem sótt er um.

Umsókn þarf að fylgja

- Ársreikningur ársins 2024 og rekstraráætlun (útkomuspá) fyrir árið 2025 og rekstraráætlun fyrir árið 2026.

Njóti umsækjandi annarra styrkja eða framlaga vegna verkefnisins skal hann gera grein fyrir slíkum framlögum eða styrkjum.

Einungis umsóknir sem uppfylla skilyrði auglýsingar og úthlutunarskilmála verða teknar til greina.

Umsóknareyðublað má nálgast **hér**.

Valnefnd, tímafrestur og áætlaður afgreiðslutími.

Umsóknir skulu berast í gegnum rafrænt umsóknarform Byggðastofnunar fyrir kl. 12 á hádegis mánudaginn 2. febrúar 2026.

Þriggja manna valnefnd metur allar umsóknir að fenginni umsögn Byggðastofnunar og gerir tillögu til ráðherra um úthlutun styrkja.

Áætlað er að niðurstöður ráðherra liggi fyrir í lok febrúar 2026.

Byggðastofnun annars fyrir hönd ráðherra samningsgerð við styrkþega, umsýslu með greiðslum og eftirlit með framkvæmd verkefnis.

Nánari upplýsingar veitir Sigurður Árnason, sérfræðingur á þróunarsviði,
sigurdur@byggdastofnun.is.